

Útlendingur hafði meitt sig dálitið í höndum og sýndi mér; þetta eru ekki holdsveikisár, sagði hann (þó að fengin sé á Íslandi). Minti þetta mig á, að um tíma var Íslands mest getið í útlöndum fyrir holdsveikina. Annað sem íslendingar eru frægir fyrir er óþrifnaður, og það nú orðið frekar en ástæða er til, hví að mikil hefir þjóðinni farið fram í þessum efnunum, og mest er það að þakka þessari mentun, sem sumum ótrúlega skammsýnum mönnum er svo illa við. Auðvitar kemur sú óvild sem menn oft, og nú síðast á alþingi, hafa lýst við kennara, og aðra þá, sem halda uppi mentun þjóðarinnar, af þeiri trú, að mentun sé ekki peningavirði. Þetta er hinn mest mis-skilningur. Eins og Steingrímur læknir Matthiasson hefir tekið fram í einhverri ritgerð, deyja miklu færri úr brjósttæringu í Berlin en öðrum höfuðborgum. Þetta er meist að þakka hví, að mentunarástandið í Berlin er betra en í öðrum höfuðborgum. Væri mentunarástandið á Íslandi betra en er, þá væri hér litil eda engin sullaveiki; og liklega efst þó enginn um að slikt væri peningavirði.

Það mætti rita langt mál til að sýna hve mikil og góð áhrif meiri og betri mentun mundi hafa á hag þjóðarinnar. Héró skal aðeins bent á eitt: er ekki óliklegt að íslendingar mundi villja gjalda útlendum kaupmönnum 5 miljónir króna (eða meira) í ómakslaun á ári hverju, ef alment væri meira vitað, en nú er lýðum ljóst, og samtök og einurð betri?

Þeir sem tala við útlendinga, einkum þá útlendinga, sem ætla sér að skrifa um Ísland, ættu að muna eftir að taka það fram, að hér hefir verið meira en tíu sinn-

um erfðara að lífa en annarstaðar á Norðurlöndum. Meun dæma háskalega rangt um íslenzka menning og íslenzkt menn-tingarleysei, ef þeir muna ekki eftir þessu. Hundruðum ára saman hefir meiri hluti íslenzku þjóðarinnar dáið á barnsaldri.

Sé minst á íslenzkar bókmentir (en það er það sem íslendingum er helzthróðað fyrir, að þeir sé bókmentabjóð) þá er engin vanþörf á að taka það fram, að i engu síðuðu landi eru rithöfundar jafn lítils metnir og á Íslandi.

Þeir eru að visu margir sem hafa gaman af að lesa kvæði og sögur, og jafnvel þær ritgerðir, sem fyrst og fremst stefna að hví að auka mönnum vit, kenna þeim að átta sig að einhverju leyti betur á tilverunni. En það er eins og margir haldi, að slikt verði til af sjálfu sér; fæstir virðast telja það nokkra vinnu að semja rit, og hví síður, að þeim hugsist, hvort ekki þurfi miklu til að kosta, í áreynslu og öðru, áður menn geti hugsað, talað og ritað svo að vel megi heita. —

Mér er til efs að nokkurri þjóð riði jafnmikið a betri mentun, eins og einmitt íslendingum. Meðal annars af hví, að þeir þekkja svo illa sjálfa sig. Þess vegna er trúin á framtíð þjóðarinnar svo dauf. Þess vegna hafa þeir svo oft verið vinum sínum verstir. Og þess vegna vita útlendingar ennþá svo lítið um, hvilik merkisþjóð íslendingar hafa verið og geta orðið enn, sú þjóð, sem varðveitt hefir það mál, sem mannkynnu riður mest að líði ekki undir lok. Vegna hvers mun eg síðar reyna að sýna fram á.

18. 9.

Helgi Pjeturss.